

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2004

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Sigurgeir Ólafsson formaður frá 14. júní
og varaformaður til þess tíma.

Andrés Pétursson formaður til 14 júní
2004 og varaformaður frá þeim tíma.

Jón Bjarni Þorsteinsson

Loftur Þ. Pétursson

Árni Sverrisson

Gestur Pétursson

Richard Hansen

Varafultrúar:

Hafsteinn Þórðarson

Ólafía Ragnarsdóttir

Sigurveig Sæmundsdóttir

Steingrímur Steingrímsson

Páll Arnason

Örn Sigurðsson

Guðmundur Unnþór Stefánsson

Heilbrigðisnefnd hélt 13 (11) fundi á árinu. Innan sviga eru tölur frá 2003. Samkvæmt fundargerðum komu 462 (411) dagsskrárliðir til umfjöllunar. Sum mál komu til umræðu á fleiri en einum fundi. Í eftirfarandi töflu hafa dagsskrárliðir verið flokkaðir í fernt eftir málaflokkum. Sum mál falla undir fleiri en einn málaflokk. Þannig falla t.d. 46 starfsleyfismál í tvo eða þrjá málaflokka.

| | |
|--|-----------|
| Almenn mál um hollustuhætti, málefni sem tengjast hollustuháttareglugerð, snyrtivörum, varasömum efnum, gæludýrahaldi, tóbaksvörnum o.þ.h. | 249 (212) |
| Matvælamálefni | 127 (54) |
| Umhverfismál | 159 (133) |
| Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnýsla | 21 (12) |

Matvælaeftirlit

Alls voru 69 umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar þar sem eftirlit byggist á ákvæðum matvælalaga. Í sumum tilvikum verður starfsleyfið einnig að byggja á ákvæðum í öðrum lögum og reglugerðum. Þannig voru 40 starfsleyfi með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar. Tvö starfsleyfi tóku til ákvæða hollustuháttareglugerðar og mengunarvarnareglugerða auk matvælalaga. Eitt starfsleyfi var samkvæmt matvælalögum og mengunarvarnareglugerðum.

34 (18) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

35 (26) umsóknir vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

| | Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls. |
|----------------------------|----------|-----------|---------------|-----------|-----------|
| Vinnslur | | | 7 | 2 | 9 |
| Verslanir | | 4 | 13 | 8 | 25 |
| Veitingastaðir | 1 | 1 | 5 | 7 | 14 |
| Mötuneyti / veislubjónusta | | 5 | 8 | 5 | 18 |
| Annað | | 2 | | 1 | 3 |
| Alls | 1 | 12 | 33 | 23 | 69 |

Umsagnir voru gerðar um drög að reglugerð um kjöt og kjötvörur og reglugerð um fæðubótarefni.

Veitingastaðir eru flokkaðir hér sem matvælafyrirtæki en slík starfsemi á að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum.

15 (15) beiðnir um umsagnir bárust vegna umsókna um leyfi til áfengisveitinga.

32 (40) beiðnir um umsagnir bárust vegna umsókna um veitingaleyfi.

Þar sem tóbakssala fer eingöngu fram í verslunum og söluturnum sem selja matvæli og í veitingahúsum er gerð grein fyrir þeim þætti hér í skýrslunni. Veitt voru 11 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. Þann 31.12.2004 voru í gildi alls 82 tóbakssöluleyfi í umdæminu, 15 hjá veitingastöðum og 67 hjá verslunum. Alls voru skráðar 19 kvartanir vegna meintrar sölu á tóbaki til ungmenna en 4 vegna reykinga á stöðum þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar.

Heilbrigðisfulltrúi starfaði í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Umhverfisstofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna rædd. Í eftirlitsverkefnum eru tekin til skoðunar sams konar matvæli á ákveðnu tímabili um allt land og leitað eftir sömu þáttunum í matvæluum ef um örverurannsóknir er að ræða.

Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem tengjast starfsemi í umdæminu.

Samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Þorramatur, örveruástand janúar 2004.
- Merkingar á matvælum fyrir börn, febrúar 2004.
- Salt og nítrat í unnum kjötvörum, mars 2004.
- Hreinlæti í stóreldhúsum I, mars – apríl 2004.
- Álegg, örfræðileg gæði, apríl – maí 2004.
- Salmonella og camfýlobakter í kjúklingum, maí – júní 2004.
- Ís úr vél, örveruástand, maí – júlí 2004.
- Krydd, örfræðilegt ástand, september – nóvember 2004
- Salmonella í kjötvörum, september – nóvember 2004.
- Hreinlæti í stóreldhúsum II, nóvember 2004.
- Salat og samlokubarir, nóvember – desember 2004.

Skýrslur vegna þessara verkefna hafa verið teknar saman og eru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Eftirlitsferðir í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 714 (708). Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 720 (858) samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar. Vakin er athygli á að eftirlit vegna tóbaksvarna, mengunarvarna og sölu á vörum sem innihalda hættuleg efni fer samhliða fram hjá þeim fyrirtækjum þar sem það á við.

Matvælaeignir

Fjöldi staða 31.12. 2004, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

| | Framleiðsla, pökkun | Heildsala, flutningur | Stór-eldhús | Smásala | Annað | Vatns-veitur | Alls |
|-----------------------------|---------------------|-----------------------|-------------|---------|-------|--------------|------|
| Fj. staða 31.12.2004 | 47 | 22 | 131 | 80 | 83 | 7 | 370 |
| Fj. áætlaðra eftirlitsferða | 67 | 20 | 271 | 228 | 83 | 45 | 714 |
| Fj. eftirlitsferða | 72 | 18 | 264 | 292 | 52 | 22 | 720 |

Í liðnum annað eru skráð starfsemi sem einnig er flokkuð í hollustuháttaeftirlit s.s, gististaðir, skólar og félagsaðstaða o.þ.h. en þar fer einnig fram veruleg matvæladreifing.

Kvartanir og ábendingar frá almenningi vegna matvæla voru 30 (42) á árinu. Einkum voru kvartanirnar tengdar meðferð matvæla 6 (11), hugsanlegum matarsýkingum, 3 (2), innihaldsmerkingum 5 (6) og hreinlæti, 9 (10).

Hollustuhættir

Starfleysisumsóknir þar sem eftirlit byggist á ákvæðum hollustuháttaeignir voru 151. Í sumum tilvikum verður starfsleyfið einnig að byggja á ákvæðum í öðrum lögum og reglugerðum. Þannig voru 40 starfsleyfi með vísun til ákvæða matvælalaga. Tvö starfsleyfi tóku til ákvæða matvælalaga og mengunarvarnareglugerða. Tvö starfsleyfi voru einnig samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerða.

Einni umsókn var synjað þar sem starfsemin samræmdist ekki skipulags- og byggingalögum.

96 (92) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

55 (53) umsóknir vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Nokkur meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttaeignir og matvælalögum eru einnig flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Þar sem tóbakssala fer nær eingöngu fram í veitingahúsum og verslunum sem selja matvæli er gerð grein fyrir þeim þætti í kafla um matvæli. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við

tannlæknastóla eru tannlæknastofur í flokknum umhverfiseftirlit varðandi starfsleyfi en hollustuhætti varðandi eftirlit.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

| | <i>Alftanes</i> | <i>Garðabær</i> | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls. |
|--|-----------------|-----------------|---------------|-----------|------------|
| Daggæsla og leikvellir | | 2 | 4 | 6 | 12 |
| Samkomustaðir | 1 | 2 | 10 | 14 | 27 |
| Gististaðir | | | 1 | 4 | 5 |
| Snyrtistofur hvers konar | | 5 | 4 | 9 | 18 |
| Heilbrigðis- og meðferðarstofn. | | 2 | 7 | 6 | 15 |
| Sambýli o.þ.h. | 1 | 3 | 8 | 4 | 16 |
| Skólar, leikskólar kennslustaðir | | 3 | 3 | 1 | 7 |
| Íþróttastarfsemi | 1 | 2 | 2 | | 5 |
| Meindýrvarnir | | 1 | 3 | 4 | 8 |
| Verslun og annað | | 5 | 17 | 16 | 38 |
| Alls | 3 | 25 | 59 | 64 | 151 |
| Óafgreiddar umsóknir | | 1 | 3 | | |
| Starfsemi hætt áður en afgreiðslu lauk | | | 3 | | |
| Umsókn vísað frá | | | | 1 | |

Á fundum heilbrigðisnefndar voru teknar til afgreiðslu þrjár beiðnir um umsagnir vegna gistileyfa.

Almennar kvartanir voru 190 (134). Flestar, 118 (74) vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru nálægum íbúum til ama eða leiðinda. Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 175 (186). Flestar voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra 44 (43), meindýra 31 (40), varasamra efna 27 (32), íbúðarhúsnæði 22 (17) og óþæginda frá eða óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða þjónustu 32 (30).

Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum hundruðum bifreiða án númera. Á árinu voru skráð slík afskipti af 650 bifreiðum o.þ.h. hlutum sem skildir hafa verið eftir á almannafæri.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er algengust ein eftirlitsferð á ári. Til fyrirtækja í nokkrum flokkum eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Einnig er eftirlitstíðni ein eftirlitsferð á tveggja til fjöggra ára fresti í nokkrum tilvikum. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru áætlaðar í eftirlitsáætlun 528 (424). Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 408 (359) samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi staða 31.12.2004, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

| | Fegrunar- og snyrti- starfsemi | Verslun, merkinga- skyld efnavara | Gisti- starfsemi | Fræðslu-, íþrótt- og menningar stofnanir | Heilbrigðis- þjónusta | Annað | Alls |
|----------------------|--------------------------------|-----------------------------------|------------------|--|-----------------------|-------|------|
| Fj. staða 31.12.2004 | 132 | 75 | 23 | 154 | 107 | 62 | 553 |

| | | | | | | | |
|-----------------------------|----|----|----|-----|----|----|-----|
| Fj. áætlaðra eftirlitsferða | 97 | 45 | 17 | 215 | 75 | 79 | 528 |
| Fj. eftirlitsferða | 49 | 46 | 24 | 127 | 88 | 24 | 408 |

Til fegrunar og snyrtistarfsemi telst hársnyrting, snyrtistofur, nudd, ljósastofur, húðflúr og húðgötun. Heildsala og smásala á vörum sem innihalda eitrefni og hættuleg efni og er flokkuð sem verslun með merkingaskylda efnavöru.

Læknastofur, heilsugæsla, sjúkrahús, sjúkrahjálfun, endurhæfing, fótaaðgerðastofur og tannlæknastofur eru skráðar sem heilbrigðisþjónusta.

Með stórelldhúsum í kaflanum um matvæli eru skráð sjúkrahús, gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift. Umrædd starfsemi flokkast fyrst og fremst m.t.t. hollustuháttaeftirlits og er því einnig skráð hér. Slík tvítalning tekur til 79 eftirlitsstaða.

Búfjárefirlit samkvæmt ákvæðum laga um búfjárhald hefur verið í umsjón heilbrigðiseftirlitsins í tvö ár. Við talningu búfjár samkvæmt 12. gr. búfjárhalds nr. 103/2002 voru vorið 2004, tæplega 11000 alifuglar, 3560 hross og 367 sauðfjár.

Kattahald kom nokkrum sinnum til umræðu og hvort aðstæður kölluðu á setningu heilbrigðissamþykkt vegna þess. Tillaga var gerð til sveitarstjórnar Álftaness um reglur fyrir kattahald og var heilbrigðissamþykkt um kattahald á Álftanesi staðfest 14. nóvember 2004.

Gjaldskrá fyrir hundahald heimilar að veita leyfishafa sem lokið hefur grunnnámskeiði í hundauppeldi afslátt á árlegu eftirlitsgjaldi ef önnur atriði mæli ekki á móti því sbr. samþykkt um hundahald. Á árinu fór fram endurskoðun á kröfum til grunnnámskeiða í hundauppeldi sem heilbrigðisnefnd viðurkennir til að heimila lækkun á eftirlitsgjöldum

Þann 31.12.2004 voru 1295 (1162) hundar skráðir hjá heilbrigðiseftirlitinu og hafði þeim fjölgað um 133 (56) frá árinu áður. Veittur var afsláttur á eftirlitsgjöldum fyrir 444 hunda þar af 11 lögreglu- og björgunarsveitahunda.

181 (178) kvartanir bárust heilbrigðiseftirlitinu á árinu vegna hunda. Flestar, 119 (113) eru eins og áður um lausagöngu hunds. Tvær kröfur bárust á árinu um afturköllun leyfis til hundahalds.

Heilbrigðisnefnd féllst ekki á þær kröfur þar sem málefnalegar ástæður voru ekki fyrir hendi. Til meðferðar voru á árinu 9 mál þar sem hundur var kærður vegna árásar.

Úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir úrskurðaði vegna stjórnslukæru frá árinu 2003 sem tengist hundahaldi. Stjórnslukæran var um að umsókn um skráningu hunds í fjöleignahúsi var hafnað þar sem samþykki meðeigenda lá ekki fyrir. Í úrskurðinum var fallist á sjónarmið heilbrigðisnefndar.

Greinargerð var gerð til úrskurðarnefndarinnar sem vegna stjórnslukæru í máli þar sem ekki var fallist á að veita afslátt aftur í tímann á eftirlitsgjaldi vegna hundahalds. Úrskurður liggur ekki fyrir.

Greinargerð var gerð vegna stjórnslukæru um óþægindi vegna hljóðs í íbúðarhúsnæði og meint afskiptaleyfi heilbrigðiseftirlits. Úrskurður liggur fyrir og var fallist á sjónarmið heilbrigðisnefndar.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga störfuðu tveir vinnuhópar á sviði hollustuháttamála, hollustuháttahópur og efnavörühópur. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfmann í hvorn hóp. Í vinnuhóp um hollustuhætti eru unnar tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Í efnavörühóp er rætt um eftirlit með eitrefnum og hættulegum efnum og vörum sem innihalda slík efni og ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna á þeim málum undirbúin. Jafnframt er af hálfu hópsins tekið þátt í norrænu samstarfi vegna eftirlits með þessum málum.

Umhverfiseftirlit

Alls 81 umsókn um starfsleyfi voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Starfsleyfi samkvæmt matvælalögum átti einnig við í einu tilfelli og í

tveimur tilvikum hollustuháttareglugerð og matvælaög. Í þremur tilvikum var starfsleyfis umsókn einnig vegna ákvæða hollustuháttareglugerðar.

58 (53) umsóknir fyrir nýjar starfsemi.

19 (7) umsóknir vegna endurnýjunar.

4 fyrir tímabundna starfsemi.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

| | Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls. |
|--------------------------|----------|----------|---------------|-----------|-----------|
| Bílgrein. | 0 | 3 | 13 | 10 | 26 |
| Efnaiðnaður | 0 | 0 | 1 | 3 | 4 |
| Fiskvinnsla | 0 | 0 | 7 | 1 | 8 |
| Prentið/framköllun | 0 | 1 | 1 | 4 | 6 |
| Málmiðnaður og verkstæði | 0 | 1 | 10 | 2 | 13 |
| Trésmíðaverkstæði | 0 | 1 | 2 | 1 | 4 |
| Tannlæknastofur | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Jarðefna og steinvinnsla | 0 | 0 | 4 | 4 | 8 |
| Annað | 0 | 1 | 3 | 3 | 7 |
| Alls | 0 | 7 | 42 | 28 | 77 |
| Tímabundin starfsemi* | 0 | 0 | 0 | 4 | 4 |

*Í umboði nefndarinnar voru auk þess veitt nokkur leyfi fyrir brennur og flugeldasýningar um áramótin.

Umsagnir og álit voru gerð til eftirtalinnna aðila:

Umhverfissráðuneytis um drög að reglugerð um hávaða

Kópavogsbæjar um:

Vinnslu á jarðefnum við Geirland.

Tillögu að deiliskipulagi á vatnsverndarsvæði

Sveitarfélagsins Álftaness um:

Gjaldskrá vegna förgunar og meðhöndlunar úrgangs.

Endurskoðun aðalskipulags.

Sýslumannsins í Hafnarfirði vegna reksturs bílaleigu

Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats og undirbúnings matsskýrsla fyrir:

Krýsuvíkurveg, Hraunhella - Hamranes.

Efnistöku í Undirhlíðum, Hafnarfirði.

Umhverfis og tæknissviðs Hafnarfjarðar vegna hljóðvistar og beitingu fráviksheimilda fyrir:

Tvöföldun Reykjanesbrautar.

Nýbygginga við Reykjavíkurveg og Flatahraun.

Endurbygginga á Norðurbakka.

Heilbrigðisnefnd fór í vettvangsferðir um hesthúsahverfi í umdæminu og heimsótti álverið í Straumsvík og ferðapjónustufyrirtækið Hópbíla ehf. en fyrirtækin hafa komið sér um umhverfisstjórnunarkerfum

Eftirtalin vöktunarverkefni voru í gangi á árinu:

- könnun á grunnvatni á völdum stöðum. Vöktun á styrk köfnunarefna og ákveðinna þungmálma.
- mælingar á mengun í skurðum, lækjum og vötnum til undirbúnings flokkun ferskvatns sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 og til að finna hugsanlegar rangtengingar fráveitu.
- mælingar á áhrifum mengunar skólps við og á ströndum.
- mælingar á loftgæðum á Hvaleyrarholti. Þar eru gerðar sólarhringsmælingar á brennisteinstvíldi, flúor og ryki.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 6 fundi á árinu 2004 og tók fyrir 21 mál. Af þeim voru 10 erindi en 11 vörðuðu samræmingu á störfum eftirlits. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu á fundum heilbrigðisnefndar. Framkvæmdastjórnin gerir skýrslu um störf sín.

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum kom til umræðu á nokkrum fundum nefndarinnar. Farið var í átaksverkefni á nokkrum stöðum til að bæta umgengni og ásýnd.

Áhersla var lögð á tvær götur í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði, hluta götu á athafnasvæði í Kópavogi og tvær götur á athafnasvæðum í Garðabæ. Verkefnin skiluðu tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita aftur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skírðar með óljósri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægri uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða. Í Hafnarfirði er í gangi vinna við að skipta upp stórrí lóð milli húseigenda. Lóðin hefur verið í sameign fjölda aðila og umgengnin verið döpur. Með því að skipta upp lóðinni er vonast til að fá bætt umgengni og skýrari ábyrgð lóðarhafa.

Ólykt frá einni tegund fiskvinnslu, svonefndri heitloftspurrkun fiskafurða eða hausapurrkun í þurrklefum, hefur valdið umtalsverðu ónæði og hefur heilbrigðisnefnd lagt fyrir tvö fyrirtæki sem verið hafa í slíkri vinnslu að stöðva hana.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengunarmál voru 107 (124). Þar af 92 (84) vegna ákveðinna fyrirtækja. Flestar voru þær vegna ólyktar við fiskþurrkun, 82. Kvartanir og tilkynningar um mengunarslys og óhöpp voru 6 (14). Auk þess sinni Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslys og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er algengust ein eftirlitsferð á ári. Til fyrirtækja í ákveðnum flokkum bílgreinar eru þó áætlaðar tvær ferðir. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru í eftirlitsáætlun 608. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 524 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Mengunarvarnaeftirlit

Fjöldi staða 31.12.2004, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

| | Málm og bílgrein | Efna- og timburiðn. | Fiskvinnsla | Jarðefna-vinnsla | Annað | Samtals |
|-----------------------------|------------------|---------------------|-------------|------------------|-------|---------|
| Fj. staða 31.12.2004 | 339 | 150 | 30 | 15 | 62 | 596 |
| Fj. áætlaðra eftirlitsferða | 406 | 108 | 38 | 19 | 67 | 638 |
| Fj. eftirlitsferða | 266 | 58 | 28 | 9 | 38 | 399 |

Almennt

Í lok árs 2004 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1448 (1320) staðir sem eiga að hafa starfsleyfi. Samkvæmt eftirlitsáætlun var reiknað með 1619 (1645) eftirlitsferðum til þeirra staða og skráðar voru 1359 (1467) eftirlitsferðir. Farnar voru til viðbótar 78 (85) eftirlitsferðir til annarra eftirlitsstaða vegna tilfallandi eftirlits og verkefna. Farið var í 96 (108) eftirlitsferðir þar sem í ljós kom að starfsemin var hætt, tilkynnt var um síðar á árinu að starfsemi væri hætt eða starfsemin hafði breyst á þann veg að reglubundið eftirlit ætti ekki lengur við. Heildarfjöldi skráðra eftirlitsferða vegna tiltekinnar starfsemi var á árinu 1533 (1644).

Starfsleyfi hjá virkri starfsemi voru í árslok 1064 (1067) og 128 (177) starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Jafngildir það að 82% starfsleyfisskyldrar starfsemi væri með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Markmiði um að yfir 95% væri með starfsleyfi eða starfsleyfi í vinnslu var því ekki náð.

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur næmu um 64% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 36% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrareiknings árið 2004 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 38.332.282 eða 72% af rekstrarkostnaði við þann þátt rekstursins. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 11.723.208 og tekjur kr. 11.741.801 vegna þess þáttar.

Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur milli áranna 2001, 2002, 2003 og 2004 vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur er sömu og við uppgjör ársreiknings.

Samanburður á fjölda fyrirtækja, stöðugilda, kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2001, 2002 2003 og 2004.

| | Íbúafj. | Starfsleyfis- skyld starfsemi fj. | Stöðu- gildi. | Heildar kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. starfsleyfissk. fyrirtæki kr. | Kostnaður pr. stöðug kr. |
|------|---------|---|------------------|-----------------------------|------------------------------|---|--------------------------------|
| 2004 | 57323 | 1448 | 7,2 | 53.215.493 | 928 | 36.751 | 7.391.041 |
| 2003 | 56096 | 1320 | 7,2 | 52.429.008 | 935 | 39.719 | 7.281.802 |
| 2002 | 54642 | 1287 | 7 | 50.355.292 | 922 | 39.126 | 7.193.613 |
| 2001 | 52764 | 1286 | 7 | 41.196.547 | 781 | 32.035 | 5.885.221 |

Í meðfylgjandi töflu er samanburðartölur áranna 2002, 2003 og 2004 vegna eftirlits með hundahaldi. Árið 2002 var stórum hluta eftirlits sinnt í tímavinnu og miðast fjöldi stöðugilda við áætlað vinnuframlag.

Samanburður á fjölda skráðra hunda, stöðugilda, kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2002, 2003 og 2004.

| | Íbúafj. | Fjöldi skráðra hunda. | Stöðu- gildi. | Heildar kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. hund kr. | Kostnaður pr. stöðug kr. |
|------|---------|-----------------------------|------------------|-----------------------------|------------------------------|------------------------------|--------------------------------|
| 2004 | 57323 | 1295 | 1,8 | 11.723.208 | 205 | 9053 | 6.512.893 |
| 2003 | 56096 | 1162 | 1,8 | 10.536.719 | 188 | 9068 | 5.853.733 |
| 2002 | 54642 | 1106 | 2 | 10.326.215 | 189 | 9337 | 5.163.108 |

14. mars 2005

Guðmundur H. Einarsson.